4. gr.

4.1. Við fyrstu búnaðarskoðun þilfarsfiskiskips, sem gerð verður eftir 1. mars 1983, skal hvert skip vera með losunar- og sjósetningarbúnað samkvæmt grein 1.1. og 1.2. Við fyrstu búnaðarskoðun þilfarsfiskiskips, sem gerð verður eftir 1. september 1983 skal hvert skip vera búið viðurkenndum sjóstýribúnaði samkvæmt grein 1.3.

4.2. Við fyrstu búnaðarskoðun annarra skipa, sem gerð verður eftir 1. september 1983, skal hvert skip vera með búnaði samkvæmt þessum reglum. Siglingamálastofnuninni er heimilt að veita frest, ef vandkvæði verða á að framkvæma nauðsynlegar breytingar.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt lögum nr. 52 12. maí 1970, um eftirlit með skipum, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 25. júní 1982.

Steingrímur Hermannsson.

Kristinn Gunnarsson.

22. júní 1982. Nr. 352.

AUGLÝSING

um staðfestingu á ráðgerðri legu Norðurlandsvegar frá Einbúalæk í Víkurskarði að Fnjóskadalsvegi hjá Víðivöllum.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið 22. júní 1982 staðfest uppdrátt af ráðgerðri legu Norðurlandsvegar frá Einbúalæk í Víkurskarði að Fnjóskadalsvegi hjá Víðivöllum.

Félagsmálaráðuneytið, 22. júní 1982.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

8. júní 1982. Nr. 353.

AUGLÝSING

um umferð í Njarðvík.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Njarðvíkur og samkv. 65. gr. umferðarlaga eru hér með settar þessar reglur um umferð í Njarðvík:

1. Vallarbraut verður aðalbraut og umferð aðliggjandi gatna háðar biðskyldu samkvæmt 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga. Biðskylda verður þó á Vallarbraut við Hjallaveg.
2. Biðskylda (samkv. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga) er á Hlíðarvegi við Holtsgötu.
3. Biðskylda (samkv. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga) er á Hraunsvegi við Hlíðarveg og Móaveg.

4. Biðskylda (samkv. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga) er á Grundarvegi við Brekkustíg.
5. Bolafótur verður aðalbraut og umferð aðliggjandi gatna nema Reykjanesbrautar háðar biðskyldu samkv. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.
6. Sjávargata verður aðalbraut og umferð aðliggjandi gatna háðar biðskyldu samkvæmt 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.
7. Biðskylda (samkv. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga) er á Stapagötu við Kirkjubraut.
8. Biðskylda (samkv. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga) er á Háseylu við Akurbraut.

Reglur þessar taka gildi 1. júlí 1982.

Lögreglustjórinn í Njarðvík, 8. júní 1982.

Jón Eysteinsson.

Nr. 354. 17. apríl 1982.

AUGLÝSING

um umferð í Hvolhreppi.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og að fengnum tillögum hreppsnefndar Hvolhrepps, eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð í Hvolhreppi.

1. Umferð um Austurveg skal njóta aðalbrautarréttar fyrir umferð af Hvolsvegi, sbr. ákv. 2., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.
2. Umferð um Hlíðarveg skal njóta aðalbrautarréttar fyrir umferð af Vallarbraut, Hvolsvegi, Nýbýlavegi og Ormsvelli, sbr. ákv. 2., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 1. júní 1982.

Sýslumaður Rangárvallasýslu, 17. apríl 1982.

Böðvar Bragason.